

## Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um uppgreiðslugjald.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra að innheimta uppgreiðslugjalds hjá fjármálafyrirtækjum samrýmist lögum um neytendalán?
2. Hver er skoðun ráðherra á uppgreiðslugjaldi og er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir lagabreytingum svo að tekin verði af öll tvímæli um að óheimilt sé að innheimta uppgreiðslugjald ef núgildandi lög eru óljós í því efni?
3. Þekkist það í nágrannalöndum okkar að fjármálafyrirtæki hafi heimild til innheimtu uppgreiðslugjalds þegar fólk vill greiða upp skuldir sínar?